

aði eg.
t muni
ngjarna

minn,
r talað

nafræði
ir því í
þess að
á, og
kki við

un ant
part af
vil held-
ull.“
á mig
“ sagði
bur um

ionnm.
-ákafa-
miklu
“
gði eg.
á hinn
sna-vel
s efra-

fræðingur; en hann hefir ekki, mér vitanlega, stundað reglulegt laeknisnám. Nám hans er mjög í molum og undarlegt, en hann hefir aflað sér svo óvanalega mikillar þekkingar á vissum greinum, að kennara hans mundi furða.“

„Hafið þér aldrei spurt hann, undir hvað han sé að búa sig?“ spurði eg.

„Nei; hann er maður, sem ekki er létt að fá mikil út úr, þó hann geti verið nógu ræðinn þegar sá gállinn er á honum.“

„Eg vildi gjarnan finna hann,“ sagði eg. „Eigi eg að búa með öðrum, þá kýs eg mér helzt hæglátan og iðjusaman mann. Eg er ekki orðinn nógu hraustur enn þá til þess að þola hávaða og æsingar. Eg reyndi svo mikil af því hvorutveggja í Afghanistan, að mér nægar það, það sem eg á eftir ólifað. Hvernig gæti eg hitt þennan vin yðar?“

„Hann er áreiðanlegur að vera í efnafræðistofunni. Annaðhvort sést hann þar ekki vikum saman eða hann vinnur þar frá morgni til kvelds. Ef yður sýnist svo, þá getum við ekið þangað báðir þegar við erum búnir að borða.“

„Náttúrlega,“ svaraði eg; og svo hneigðist samtal okkar að öðru.

Á leiðinni upp á spítalann, eftir að við yfirlágum Holborn, gaf Stamford mér ýmsar fleiri upplýsingar um mann þennan, sem eg hafði í huga að taka í sambúð við mig.

„Þér megið ekki skella á mig skuldinni ef þér getið ekki lynt við hann,“ sagði hann. „Alt, sem eg veit um hann, er af viðkynningu, sem eg hef fengið af að hitta hann við og við í starfstofunni. Þer fund-